



Reykjavík 27. október 2023

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd

**Umsögn Neyðarlínunnar ohf. um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. 327. mál**

Neyðarlínan tekur heilshugar undir tillögu flutningsmanna um að komið verði á fót fastri starfsstöð fyrir þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hníga mörg rök að því að starfsstöð fyrir þyrlu verði á norðanverðu landinu.

Slíkt fyrirkomulag myndi stytta viðbragðstíma og bæta þjónustu á norðanverðu landinu öllu sem og á hafsvæðinu norður af landinu. Einnig má nefna að veðurfarsleg skilyrði geta verið með þeim hætti að þyrla, sem staðsett væri á norðanverðu landinu ætti í vissum tilfellum auðveldara með að sækja inn á hálendið og gæti jafnvel haft styttri flug tíma á suð-austanvert landið heldur en þyrla frá Reykjavík.


Á undanförunum árum og áratugum hefur oft komið til þess að Landhelgisgæslan hafi fært sínar bjargir til milli landshluta til að vera til staðar þar sem stefnir í vond veður, vegna t.d. snjóflóða- eða aurskriðuhættu og/eða mögulegra annarra hamfara vegna veðurs eða ágangs sjávar. Slík nærvera hefur verið íbúum í dreifðum byggðum þessa lands ómetanleg.

Einnig hafa dæmin sýnt hvað það getur tekið langan tíma að koma björgum frá höfuðborgarsvæðinu til afskekktari byggðarlaga landsins þegar hamfarir hafa orðið og öll öflugustu björgunartækin eru staðsett í Reykjavík.

Með því að tryggja varðskipum og þyrlukosti Landhelgisgæslunnar fastar starfsstöðvar og heimahafnir úti á landi eru stigin skref í þá átt að tryggja betur samræmt neyðarviðbragð á landsvísu og á hafsvæðinu í kringum Ísland. Jafnframt ætti slíkt fyrirkomulag að tryggja betri nýtingu á annars dýrum björgunartækjum Landhelgisgæslunnar.

Það er mikilvægt að í þessu samhengi fylgi orð og efndir alla leið. Því er nauðsynlegt að Landhelgisgæslunni verði tryggt nægt fjármagn til uppbyggingar og reksturs slíkrar þjónustu á Akureyri ef/þegar umrædd þingsályktunartillaga verður samþykkt.

Virðingarfyllt  
Neyðarlínan ohf.



Jón Svanberg Hjartarson  
framkvæmdastjóri